

Ár 2016, fimmtudaginn 7. janúar kl. 8 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram dagskrárbreytingartillögu um að við bætist liður 1.7. „bréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss frá 14. desember 2015“. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

#### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Nefndasviði Alþingis frá 21. desember 2015.**  
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar á frumvarpi til laga um húsnæðisbætur ( heildarlög), 407. mál.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Nefndasviði Alþingis frá 21. desember 2015.**  
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar á frumvarpi til laga um húsaleigulög ( réttarstaða leigjenda og leigusala), 399. mál.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Nefndasviði Alþingis frá 21. desember 2015.**  
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar á frumvarpi til laga um almennar íbúðir ( heildarlög), 435. mál.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 17. desember 2015.**  
Í bréfinu er rætt um fyrirhugað uppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á rekstrargrunni en uppgjör framlaga sjóðsins vegna ársins 2015 mun ekki liggja fyrir hjá sjóðnum fyrr en um mánaðarmótin janúar/febrúar 2016.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 17. desember 2015.**  
Í bréfinu er rætt um skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en frá ársbyrjun 2016 munu greiðslur framlaga til sveitarfélaga alfarið flytjast til Fjársýslu ríkisins.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **SASS frá 18. desember 2015.**  
Í bréfinu er rætt um samþykkt stjórnar SASS frá 17. desember s.l. vegna skipulagsbreytinga á starfsemi samtakanna.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitafélagsins Ölfuss frá 14. desember 2015.**

Í bréfinu er rætt um réttarbyggingu við Hengladalaá í Ölfusdal. Með bréfinu fylgdi rökstuðningur fjallskilaneftar um staðsetningu frá 2. des. 2015.

Bæjarráð harmar ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss um staðsetningu réttarinnar og telur rökstuðning gegn staðsetningu við minni Grensdals ónógan.

Erindinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar Hveragerðisbæjar.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Forkaupsréttur að Breiðumörk 22.**

Lagður fram kaupsamningur vegna Breiðumerkur 22 en Hveragerðisbær hefur forkaupsrétt að þeirri eign.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti á fasteigninni Breiðumörk 22 fastanúmer 221-0110.

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Minnisblað frá forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna og forstöðumanni heimþjónustu.**

Í minnisblaðinu er kynnt nýtt heimþjónustukerfi til að halda utan um heimþjónustu frá Curron ehf. Með minnisblaðinu fylgdi drög af samningi við Curron ehf.

Bæjarráð samþykkir samninginn eins og hann liggur fyrir og heimilar þar með bréfiturum aðkomu að þróunarvinnu sem fyrirhuguð er á árinu eins og fram kemur í samningnum.

3.2. **Tillaga að viðauka vegna fjárhagsáætlunar 2015.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna nýrra kjarasamninga alls að upphæð kr. 28.300.000.-

Númer stofnunar	Heiti stofnunar	Hækkun á launum.
02-43	Heimilishjálp	670.000.-
02-52	Heimilið Birkimörk	3.400.000.-
04-11	Leikskólinn Undraland	3.500.000.-
04-12	Leikskólinn Óskaland	6.000.000.-
04-24	Grunnskólinn í Hveragerði	9.000.000.-
04-31	Skólasel	530.000.-

---

05-21	Bókasafn	450.000.-
06-55	Sundlaug	1.700.000.-
13-62	Upplýsingamiðstöð	550.000.-
21-40	Bæjarskrifstofur	1.000.000.-
33-11	Áhaldahús	1.500.000.-
	<hr/> Alls	<hr/> 28.300.000.-

Útgjöldunum verði mætt með hækkun á staðgreiðslu útsvars.

Bæjarráð samþykkir viðaukann.

**4. Fundagerðir til kynningar:**

- 4.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 30. nóvember 2015.**
- 4.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 11. desember 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:17

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)